

Ed. 153. Frumvarp til laga [115. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Flm.: Páll Zóphóniasson.

1. gr.

Stafliður h í 2. málsg. 8. gr. laganna orðist svo:
h. Frá 15. október til febrúarloka: rjúpa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú var skoðun manna um skeið, að friða bæri rjúpur sem mest fyrir veiði, svo að þeim yrði eigi útrýmt úr landinu. Nú þykir sýnt, að fækkun og fjölgun rjúpna lúti ákveðnum lögmálum, en veiði hafi þar minni áhrif en menn ætluðu. Rjúpnamergrð er nú að flestra dómi óvenjumikil hvarvetna á landinu, en búast má við, að rjúpum fækki mjög á næstu árum, hvað sem veiði líður.

Löggjafinn hefur að undanfögnu stefnt að því að stytta árlegan veiðitíma rjúpna, þar sem talið var, að veiðar yllu mestu um fækkun þeirra. Samkvæmt gildandi lögum má einungis veiða rjúpur á tímabilinu 15. október til 22. desember. Engin ástæða virðist að banna mönnum nytjar þessa fugls, einkum þar sem vænta má mikillar rjúpnafækkunar á næstu árum þrátt fyrir skamman veiðitíma. Er því með frumvarpi þessu lagt til, að árlegur veiðitími rjúpna verði lengdur til febrúarloka. Fyrr á árum var veiðitíminn frá 20. september til 1. febrúar, sbr. lög nr. 59/1913.